

# Breyting á klukkunni tvisvar árlega hefur valdið erfiðleikum með auknum samgöngum og viðskiptum

segir dr. Þorsteinn Sæmundsson í viðtali um kosti þess að taka upp sumartíma allt árið

— Ég held að fáar breytingar, sem hægt er að framkvæma með einu pennastriki, verði jafn vinsælar og að taka upp flýttu klukkunni allt árið, sagði dr. Þorsteinn Sæmundsson, stjarnfræðingur í viðtali við Vísi um breytingu á tímareikningi á Íslandi, er hann ásamt dr. Trausta Einarssyni prófessor hefur átt frumkvæðið að tillögu, sem felst í stjórnarfrumvarpi um breytingar á lögum um tímareikning á Íslandi. — Frumvarpið felur það í sér, að „sumartíminn“ yrði látin gilda allt árið, en klukkunni yrði ekki flýtt eða seinkað vor og haust eins og tíðkæpt hefur undanfarin ár. Dr. Þorsteinn Sæmundsson og dr. Trausti Einarsson veita forstöðu útgáfu hins íslenska almanaks og hafa því öðrum mönnum hugsað meira um tímaútreikninginn.

Undanfarin ár hafa margir lát-ið í ljósi það álit við okkur, að þessi sífellda færsla á klukkunni sé mjög hvumleið, m. a. vegna þeirrar truflunar, sem færslan veldur á sveftíma ungubarna. En þetta er þó aðeins eitt af mörgum atriðum eins og þau komu fram í greinargerð við frumvarpið. sagði dr. Þorsteinn, þegar Vísi leitaði til hans til að spyrjast fyrir um, hvað hefði ýtt við þeim til að leggja tillögurnar fram.

— Færsla klukkunnar var upphaflega neyðarráðstöfun, sem margar þjóðir gripu til í heimsstyrjöldinni fyrri. Þjóðverjar urðu þar fyrstir til, en aðrar þjóðir fylgdu í kjölfarið. Með því að flýta klukkunni fékkst betra samræmi milli vinnustunda og birtu og sparaðist þannig dýrmætt eldsneyti. Þegar stríðinu lauk lagðist sumartíminn af hjá flestum, en í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar var hann tekinn upp að nýju, t. d. tókum við hana upp aftur 1939.


Með auknum samgöngum og viðskiptum hefur breyting á klukkunni tvisvar á ári valdið sífellt auknum erfiðleikum. Öll vinna manna og viðskipti eru orðin svo bundin klukkunni og auk þess erum við komnir í svo miklu nánara samband við umheiminn en áður var. Áður skipti tíminn minna máli, og það kom jafnvel ekki að sök, þó að hver færi eftir sinni klukku, sbr. bú-

mannsklukkan í sveitum hér áður fyrr.

Fleiri þjóðir, sem áður höfðu sumartímaklukkuna, hafa nú lagt þann sið niður og fleiri þjóðir munu fylgja á eftir. Bretar eru t. d. að framkvæma þessa breytingu, en þeir hafa haldið lengi í þetta fyrirkomulag eins og raunar allt sem þeir hafa tekið upp. Norðurlöndin eru öll hætt við sumartíma, nema Ísland. Norðegur hætti síðast hinna Norðurlöndanna að nota sumartíma árið 1965.

— Hvaða röksemdir hniga að því að taka upp sumartímann frekar en vetrartímann, sem kallaður hefur verið „íslenskur miðtími“?

— Aðalröksemdin er að sjálf-sögðu sú, að með því vinnum við það, sem við áður unnum með sumartímanum að sumri til. Ef við tækjum upp vetrartíma allt árið, þá tapaðist þessi ávinningur á sumrin. En margar fleiri röksemdir koma hér einnig til. Öll samskipti okkar við nágrannalöndin í Evrópu yrðu hagkvæmari, þar sem flýtt klukka myndi þýða, að við færðumst klukkustundu nær meginlandinu. Þó að við séum með fullkomið símasamband við útlönd er það ekki nóg, a. m. k. ekki hvað viðvikur verzlun og viðskiptum. Það er lítið gagn að geta hringt héðan, ef enginn maður er við á skrifstofum erlendis til að svara símanum. Meðan



Dr. Þorsteinn Sæmundsson við tímakort af heiminum.

vetrartíminn gildir eru aðeins 4 klukkustundir á dag, sem fyrirtæki hér á landi getur haft símasamband við fyrirtæki á meginlandi Evrópu. Þegar starfsfólkið hér kemur á skrifstofuna kl. 9, er klukkan á meginlandinu þegar orðin 11. Eftir eina klukkustund er kominn matartími á meginlandinu, en tveimur tímum seinna er kominn matartími hér á landi. Að matartíma loknum hér eru svo aðeins tvær stundir fram að lokunartíma á meginlandinu. Það verða því ekki nema fjórar klukkustundir í dag, sem viðskipti geta farið fram á eðlilegum skrifstofutíma.

— Með því að taka upp flýttu klukku lengist þessi tími upp í fimm klukkustundir á dag. Bretar, sem taka upp sumartíma í þessum mánuði hafa einmitt haft hliðsjón af þessu atriði, en þeir fóru í staðinn þeim kostum, sem því fylgir að hafa miðtíma Greenwich, sem einnig nefnist heimstími og hafður er til viðmiðunar í margs konar alþjóðlegum samskiptum. Með flýttu klukku verður tíminn á

Bretlandi sá sami og á meginlandi Evrópu og auðveldar það öll viðskipti milli löndanna. Það verður að sumu leyti erfitt fyrir Breta að fórna sínum Greenwich tíma, þótt ekki væri nema frá sögulegu sjónarmiði, en það hefur verið furðulítið um andmæli gegn þessari tímabreytingu í Bretlandi.

Segja má, að tveir gallar séu því samfara fyrir okkur að taka upp sumartíma allt árið í stað þess að taka upp vetrartíma, þótt hvorugur gallinn sé stórvægilegur. Annar gallinn er sá, að við verðum einni klukkustundu lengra frá Bandaríkjunum, en þetta skiptir tiltölulega litlu máli, þar sem við erum hvort eð er svo langt frá þeim í tíma.

Hinn gallinn er sá, að morgnarnir í skammdeginu verða dimmri, en þetta er eini raunverulegi ókosturinn, sem myndi snerta sérstaklega þá, sem fara snemma í vinnu og skólabörn. Eftir því, sem næst verður komið af viðtölum ýmissa aðila, telja fæstir þetta verulegt atriði. Flestir virðast telja, að auk-

in birta eftir hádegi geri meira en að veða upp á móti þessum ókosti.

Yngstu börnin koma yfirleitt ekki í skólann fyrr en seint að morgni, en fara heim, þegar líða fer á daginn. Flýtt klukka þýðir það, að þessi börn fara heim í meiri birtu, en ef vetrartíminn gildir fyrir allt árið.

Gera má ráð fyrir, að breytingin hafi hákvæð áhrif á umferðina, eftir því sem lögreglan og slysavarnafélög í Bretlandi telja. Hættan í umferðinni er talin meiri á kvöldin en á morgnana. Þá er umferðin þyngri og minna á varðbergi. Það er því mjög mikilvægt, að góð birta sé fram eftir degi. Þetta síðast nefnda er ein meginástæðan fyrir því að Bretar taka upp flýttu klukku.

Það er sjaldan svo, að allt sé að vinna og engu að tapa, þegar verið er að taka upp breytingar eins og þessa. sagði dr. Þorsteinn að lokum, en ég held að flestir séu sammála um ótvíræða nauðsyn þess að taka upp nýtt fyrirkomulag á tímareikningi hérlandis.

## Viðtal við Guðlaug Gíslason, alþingismann:

# „Svifskip mundu leysa vanda okkar“

## Möguleikinn enn ofarlega í hugum manna


■ Síðan svifnökkvinn SR, N 6 var fenginn hingað til landsins í sumar til kynningar — sem vakti mikla forvitni þá, — hefur verið hljótt um þessi láðs og lagar farartæki hér heima. Flestir munu líklega halda, að það mál sé fallið í gleyskunnar dá.

■ Margir höfðu hálfvegis gert sér vonir um, að með svifskipinu væri fundin lausn á samgönguvandræðum þeirra byggðarlaga, sem verst væru á vegi stödd í því tilliti, og seint yrðu leyst með smíði brúa, en menn urðu fyrir vonbrigðum með farkostinn, þótt hann vektí hrifningu í byrjun.

■ „Stærðin er ekki nógu hentug okkur,“ sagði Guðlaugur Gíslason alþingismaður sem fyrstur lagði drög að hingaðkomu svifnökkvans með flutningi þingsályktunartillögu á Alþingi með Sigurði Ól. Ólafssyni alþingismanni, þess efnis að stjórnin hlutaðist til um að fá einn hingað til reynslu.

„... en við höfum fylgt af athygli með þróun smíði þessara skipa síðan, því að ég — og reyndar fleiri — erum alveg sannfærðir um, að skip af þessu tagi — bara af hentugri stærð — myndi leysa vanda okkar með að flýttu klukkunni og koma okkur í Vestmannaeyjum í samband við vegin.“

sæti, en það gat ekki flutt bíla. Það var ókosturinn. Hins vegar er þessi tegund farin að breið-



SR.N 6 í ósnum fyrir neðan Bergþórshvol.

ast töluvert út erlendis. Það hefur örvast sala í henni hjá framleiðendunum, sem hafa selt þessi svifskip t.d. til Vestur-Þýzka-lands og Frakklands og fleiri landa.

Ég tel, að sú reynsla, sem við fengum af SR. N 6, sýni, að svona skip séu einmitt það, sem okkur vanhagar um. Þetta var fljótt í ferðum. Fór með um 45 til 50 mílna hraða á klukkustund, sem var ekki hámarks-hraði.

Ég mun alltaf muna eftir því, hvað ég varð undrandi í reynslu ferðinni upp á Krosssand, þegar keyrt var upp á land. Beint utan af sjónum og upp sandinn, án

→ 10. síða.